

# Stjórnarfundur Leiðsagnar

8. nóvember 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) 2. varamaður, Pétur Gunnarsson (PG) 4. varamaður.

Fjarverandi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) 1. varamaður, Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) 3. varamaður

1.	<b>Fundur settur, fundargerð síðasta fundar</b>	Formaður býður fundarmenn velkomna. Fundargerð frá 10.10. er búið að samþykka formlega af öllum fundarmönnum í tölvupóstum. GME kvartar yfir því að hafa ekki fengið fundargerðina senda, en ritari minnir á að hún hafi komið í blálok fundarins og aðeins setið örfáar mínútur þegar fundi var að forminu til lokið. Aðeins þeir sem sátu fundinn fá fundargerðir sendar til samþykktar. (Sjá einnig lið a undir Önnur mál og bókun og athugasemd aftan við þessa fundargerð.)		Friðrik
2.	<b>Afmælishátíð</b>	Lögð fram dagskrá hátíðarinnar, þ.á.m. ávarp forseta, ráðherra og annarra fyrirlesara, söng og skemmtiatriði. Stofnfélagar á lífi verða heiðraðir og Birnu G. Bjarnleifs-dóttur minnst. Útför hennar fer fram í næstu viku og hefur FR skrifað minningargrein sem mun birtast í fjölmiðlum og félagið mun senda blómvönd með virðingarkveðjum í útförina í næstu viku. Nauðsynlegt þykir að dagskrá hátíðarinnar sé streymt fyrir fjarstadda félaga, þetta er aukakostnaður en skiptir máli. Kynna vel fyrir félagsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum o.s.frv. Afmælisblaðið verður ekki tilbúið fyrir hátíðina, en er í vinnslu og auglýsingaöflun líka. Reiknað með að sala auglýsinga standi undir útgáfunni.	U	Friðrik Harpa
3.	<b>Auka-aðalfundur</b>	Samþykkt að halda auka-aðalfund fyrstu vikuna í desember, boða þarf fundinn með 2ja vikna fyrirvara. Helsta mál á dagskrá er að ákveða upphæð aðildargjaldsins, sem náðist ekki á aðalfundinum í vor. Þarf að fá Filmís til að sjá um kosninguna og yrði það með svipuðu sniði og á aðalfundinum í vor og fullgildir félagar geta tekið þátt í gegnum Zoom. Formaður Kjaranefndar mun síðan kynna félagsmönnum stöðu kjaraviðræðna. Rætt um hvort kynna eigi líka endurskoðaða reglugerð Sjúkrasjóðs á þessum fundi. Hafa þarf samband við stjórn sjóðsins og athuga hversu langt sú endurskoðun er komin og hvort hægt sé að leggja reglugerðina fljótlega fram við stjórn LS til yfirlesturs og umsagnar áður en hún er kynnt fyrir félagsmönnum. Samþykkt að kalla stjórn Sjúkrasjóðs á fund stjórnar Leiðsagnar sem fyrst.	Á	Friðrik Stjórn
			Á	Friðrik

4.	<b>Málarekstur gegn „síbrotafyrirtækjum“</b>	<p>Formaður FR og formaður Kjaranefndar SSS skýra frá fundum sem þeir hafa átt með fyrirtækjum sem talin eru stunda ítrekuð brot á kjarasamningum. Alls eru 8 mál í gangi núna, þar af 5 kröfur gagnvart einu stóru fyrirtæki X1 sem hefur ekki tekið til greina athugasemdir Kjaranefndar. Hefur fyrirtækið mætt með lögmanni sínum á fundi og tekið á móti af fullri hörku. Hvað varðar hin þrjú fyrirtækin þá er rekið eitt mál gagnvart hverju þeirra um sig. Lögformleg kæra gagnvart fyrirtæki X2 sem ítrekað hefur sýnt af sér vonda framkomu er á lokametrunum. Það fyrirtæki neitar starfsmönnum sínum um að greiða stéttarfélagsgjöld í Leiðsögn, beinir þeim til VR, en ef mál koma upp þá sendir VR þau til LS þar sem þau varða leiðsögn. Annað vandamál er að Leiðsögn getur ekki gefið umsögn um atvinnuleyfi hjá þessu fyrirtæki, því starfsmennirnir greiða í VR, en fyrirtækið leitar samt sem áður til skrifstofunnar og Kjaranefndar í því augnamiði.</p> <p>Svo virðist sem þessi kjarabrot fyrirtækjanna séu fyrst og fremst gagnvart erlendum starfsmönnum með stuttan starfstíma hér á landi sem þekkja ekki réttindi sín nægilega vel. Öll slík brot grafa svo undan reyndari leiðsögumönnum sem þekkja sinn rétt og geta gert kröfur, en eru þá síður ráðnir eða þeim sagt upp. Launalega grefur þetta líka undan stéttinni, ef hægt er að ráða nýgræðinga á verri kjörum en reyndari leiðsögumenn.</p> <p>Fjölmiðlar hafa haft samband við félagið, hafa haft veður af kjarabrotum ýmissa fyrirtækja í ferðaþjónustu, ekki þó frá okkur, og vilja fá nánari fréttir og fjalla um málefnið. Ef til kæmi að félagið léti frá sér einhverjar yfirlýsingar, þá myndi lögfræðingurinn sem vinnur í þessum kjarabrotamálum tala fyrir okkar hönd.</p>	U	Friðrik Snorri
5.	<b>Önnur mál</b>	<p>a) GME vill bóka að hún hafi setið síðasta fund og hafi átt að fá fundargerð senda til samþykktar. HB mótmælir þessu, segir sín gögn sýna að GME hafi komið í fundarlok (GME kom kl. 18:10 en fundi lauk formlega 18:13) og það geti varla talist fundarseta. (Sjá bókun hér aftan við fundargerðina sem barst í tölvupósti frá GME á meðan á núverandi fundi stóð (17:57) og athugasemdir sem komu fram í tölvusamskiptum í framhaldinu, en rétt að taka fram að meirihluti annarra fundarmanna hafa tekið undir orð ritara.)</p> <p>b) SSS leggur fram erindi (sjá fylgiskjal) um eingreiðslu vegna umfangsmikilla starfa hans í þágu Kjaranefndar og vegna kjarabrotamála undanfarna mánuði, og vikur í kjölfarið af fundi kl. 18:00. Erindi hans er samþykkt einróma.</p> <p>Rætt um nauðsyn þess að félagið hafi starfandi „kjarafulltrúa“, t.d. í 25% starfi. Athuga hvornig fjárhagsstaða félagsins er eftir áramótin og hvort hún leyfi slíkt.</p> <p>c) VÁ spyr um yfirvinnu starfsmanns skrifstofu. FR mun kanna það mál.</p> <p>d) Rætt um möguleika á styrk úr Endurmenntunarsjóði vegna afmælishátíðarinnar og fræðandi erinda sem þar verða flutt. Stjórn sjóðsins hefur tekið vel í slíkt en</p>	U  Á  U  U  U	Friðrik Stjórn       Friðrik

		stjórn Leiðsagnar þarf að senda inn formlega umsókn.  e) Rætt um tilnefningu nýrra heiðursfélaga, eftir lát Birnu G. Bjarnleifsdóttur er aðeins einn heiðursfélagi, Vigdís Finnbogadóttir. Leita eftir hugmyndum og fara fram á rökstuðning með tilnefningum. Yrði lagt fram á aðalfundi ef til kæmi.	Á  U	Stjórn
	<b>Fundi slitið 18:20</b>			

Fundargerð staðfest:

---

Friðrik Rafnsson, formaður

---

Harpa Björnsdóttir, ritari

Bókun frá GME: „Ég undirrituð, Guðný Margrét Emilsdóttir legg fram eftirfarandi bókun: Fundargerð sl. stjórnarfundar, haldinn 10. október 2022 er ekki rétt. Undirrituð mætti á fundinn og tók þátt í umræðunni m.a. um "ASÍ þingið", "önnur mál" þar sem skipan viðræðunefndar var rædd m.a. hvort rétt væri að tveir félagsmenn úr röðum Félags ökuleiðsögumanna ættu rétt á að sitja í umræddri nefnd eða ekki. Undirrituð fer fram á að fundargerðin verði leiðrétt. Virðingarfyllst, Guðný Margrét Emilsdóttir“

Athugasemd ritara vegna bókunar GME: „Ég hef fyrir vana að skrá hjá mér þegar fólk fer af fundi eða kemur inn á fund, hvort sem það er staðbundið eða á fjarfundi. Ég fór yfir handskrifuð gögn mín varðandi fundinn þann 10.10. og þar hef ég skráð að Guðný Margrét hafi komið kl. 18:10, en fundi var formlega slitið 18:13. Sjálf staðhæfir hún annað, að hún hafi komið fyrr, en ég treysti minni eigin tímasetningu betur. Hvort þessar 3 mínútur þarna í lokin geri það að verkum að GME teljist hafa setið fundinn tel ég afar vafasamt. Þannig að ég tel að þessi bókun GME eigi ekki við nein góð rök að styðjast og legg til að henni sé vísað frá. En hægt er að bæta í fundargerð að hún hafi verið á fundinum milli 18:10-18:13.“